



Áveítan

9. tbl. 19. árgangur. September 2026

**ÍPRÓTTASKÓLI
ÞJÓTANDA**

Opið hús milli
10:00-11:00

Staðsetning:
Þingborg

Fyrir börn fædd
2021, 2022
2023 og 2024

Þjálfarar:
Guðmunda Bríet og
Hanna Dóra

27. september
11. október
25. október

8. nóvember
22. nóvember
6. desember

Íþróttaskóli Þjótanda hefst á
ný í september, engin
skráning, bara mæta með
góða skapið og njóta saman.

Ef spurningar vakna má senda á
hannadorahoskuld@gmail.com

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is
Oddný Ása Ingjaldsdóttir oddnyasa@gmail.com

845-9719
865-5692

Pistill sveitarstjóra í september



Nú þegar ágúst er að líða undir lok tekur haustið smám saman við. Sumarið hefur verið viðburðaríkt í Flóahreppi og víða hefur verið unnið að framkvæmdum, viðhaldi og undirbúningi fyrir komandi vetur.



Skólastarf er nú hafið að nýju í Flóaskóla og leikskólanum Krakkaborg. Það er alltaf ánægjulegt að sjá líf færast aftur í skólana eftir sumarfrí. Ég vil óska nemendum, foreldrum og starfsfólki farsældar á nýju skólaári og bjóða nýja nemendur og starfsmenn sérstaklega velkomna. Undanfarnar vikur hefur meðal annars verið unnið að bættu aðgengi við skrifstofu sveitarfélagsins. Slíkar framkvæmdir geta óhjákvæmilega valdið tímabundnu raski og þökkum við íbúum fyrir sýndan skilning á meðan á þeim stendur.

Þjóðaratkvæðagreiðsla um aðildarviðræður við Evrópusambandið fór fram laugardaginn 29. ágúst. Kjörstaður Flóahrepps var í Þjósárveri og vil ég færa kjörstjórn, starfsfólki á kjörstað og öðrum sem komu að framkvæmd kosninganna bestu þakkir fyrir vel unnin störf.

Fram undan eru fjölbreytt verkefni hjá sveitarfélaginu. Áhersla verður áfram lögð á góða þjónustu við íbúa, ábyrgan rekstur og markvissa vinnu að þeim verkefnum sem sveitarstjórn hefur sett á oddinn. Þar má meðal annars nefna uppbyggingu innviða, viðhaldsverkefni, skipulagsmál og áframhaldandi eflingu íþrótt- og tómstundastarfs fyrir íbúa á öllum aldri.

Næstu vikurnar munu framkvæmdir við sökkul og plötu hefjast í Heiðargerði 1 þar sem sveitarfélagið er að byggja áhaldahús. Verið er að klára hönnun á viðbyggingu við Flóaskóla og stefnir í að hægt verði að auglýsa verkið á komandi vikum. 1. áfangi íbúðarbygðar við Þingborg er langt komin en næstu skref þar eru yfirborsfrágangur og að koma niður hreinistöðinni fyrir hverfið.

Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 18. ágúst að ljúka skipulagsbreytingum á fasteignasviði sveitarfélagsins. Starfsheiti umsjónarmanns fasteigna var breytt í forstöðumann fasteignasviðs og nú starfa 3 starfsmenn í mismiklu starfshlutfalli á sviðinu ásamt forstöðumanni fasteignasviðs. Ekki er um aukningu á starfshlutfalli eða starfsmannafjölda að ræða heldur var farið í þá breytingar að ráða þá sem áður störfuðu sem húsverðir í mismunandi eignum sveitarfélagsins undir fasteignasvið. Starfsmenn sinna fjölbreyttum verkefnum sem snúa að eignum og lóðum sveitarfélagsins.

Nú eru margir forráðamenn að skrá börn sín í íþrótt- og tómstundastarf fyrir veturinn og því minni ég á hvatagreiðslur sem sveitarfélagið greiðir til að styðja við foreldra/forráðamenn barna og ungmenna í Flóahreppi. Upphæð hvatagreiðslna eru 30.000 kr að hausti og 30.000 kr að vori. Umsóknarfrestur vegna hvatagreiðslana að hausti er til 1. nóvember og er sótt um rafrænt á heimasíðu Flóahrepps. Sjá nánar á heimasíðu Flóahrepps: [Hvatagreiðslur](#)

Vil einnig vekja athygli á nýju fyrirkomulagi varðandi greiðslupátttöku sveitarfélagsins vegna aðgangs að sundstöðum. Nýtt fyrirkomulag tekur til barna og ungmenna að 18 ára aldri og íbúa 67 ára og eldri og er þannig að hver og einn einstaklingur á þessum aldri, með lögheimili í Flóahreppi, getur sótt um endurgreiðslu að upphæð 10.000 kr á ári til kaupa á árskortum, klippikortum eða stökum skiptum í sund hvar sem er. Hægt er að sækja um endurgreiðslu á útlögðum kostnaði rafrænt á heimasíðu Flóahrepps en einnig er hægt að koma á skrifstofu Flóahrepps með kvittun og fá aðstoð ritara Flóahrepps við að fylla út umsókn. Þetta nýja fyrirkomulag opnar á fleiri og fjölbreyttari möguleika barna, ungmenna og eldri íbúa til sundiðkunar en markmið með

nýjum reglum er að stuðla að heilsuefningu, félagslegri virkni og bættri líðan. Sjá nánar á heimasíðu Flóahrepps: [Aðgangur að sundstöðum](#)

Ég vil að lokum þakka íbúum fyrir góð samskipti, ábendingar og erindi sem til okkar berast. Skrifstofa sveitarfélagsins er ávallt opin fyrir sam-
tali og hvet ég íbúa til að hafa samband ef spurningar vakna eða koma
þarf á framfæri hugmyndum sem geta stuðlað að enn betra samfélagi.

Með bestu kveðju,

Hulda Kristjánsdóttir

sveitarstjóri Flóahrepps

Kvenfélag Villingaholtshrepps Gaman - Saman

Kæru kvenfélagskonur

Við tókum að okkur að sjá um að hvetja til samveru í
vetur, m.a. með það að markmiði að undirbúa
basarinn 2027.

Fyrsta samveran verður haldin miðvikudagskvöldið
30. September n.k. kl 19:50 í fundarsalnum í
Þingborg.

Það sama kvöld kl 20:00 heldur
Kvenfélagssambandið Kvenfélagskvöldkaffi á ZOOM
og tökum við þátt í því. Að því loknu ræðum við
saman um hvernig við viljum haga vinnukvöldum
vegna basars í vetur og hvort við sjáum fyrir okkur
einhver sameiginlega verkefni.

Við hvetjum ykkur til að mæta,
maður en manns gaman.

Sjáumst hressar, Gunnlaug og Sólveig



Gellukórinn

Fyrsta kóræfing vetrarins verður í
Þingborg fimmtudaginn 10. september
kl. 20:00.

Allar konur í Flóahreppi innilega
velkomnar.

Hljóðfæraleikarar í Flóahreppi sem eru til
í samstarf eru hvattir til að hafa
samband við Hafðísi Gígju s. 8495337

Sjáumst hressar!



Fréttir frá Flóaskóla

Skólastarf fer mjög vel af stað og við horfum með tilhlökkun til komandi vetrar. Skólasetning fór fram í Þjórsárveri 25. ágúst síðastliðinn og var gaman að sjá hversu margir komu til að vera við hana.



Föstudaginn 28. ágúst héldum við Fjölskyldudag í Flóaskóla í blíðskaparveðri. Nemendur, fjölskyldur þeirra og starfsmenn voru hvattir til að mæta ríðandi á hestum í skólann. Þátttaka var frábær, 60 knapar mættu í hlað í Villingaholti. Þar voru hestarnir í góðu yfir-læti í grasmiklu gerði yfir daginn í boði Jóns í Villingaholti meðan knapar tóku þátt í Fjölskyldudeginum.



Flóamótið sem er samstarfsverkefni skólans og Ungmenna-félagsins Þjótanda var á dagskrá milli kl 10-12. Tvö tjöld voru reist á grasflötinni aftan við skólann, 10. bekkingar voru með kökusölu í öðru þeirra og í hinu var hægt að fá andlitsmálun.

Dagskrá Fjölskyldudagsins var með fjölbreyttu sniði. Það voru glöð börn sem skruppu á hestbak,



föndruðu, tóku upp grænmeti, fóru í Kubb og voru í frjálsum leik. Fullorðna fólkið var duglegt í kaffi og

kökukaupum og breiddi svo úr teppum og sat í brekkunni að fylgjast með Flóamótinu. Stemmingin sem skapaðist minnti helst á fjölskylduvæna útihátíð. Þátttaka barna og fullorðinna í Flóamótinu var mjög góð og keppnisskap fullorðna fólksins ekki minna en barnanna. Að þessu sinni kepptu fullorðnir í kúluvarpi. Hátíðin endaði svo á að öllum var boðið upp á grillaða hamborgara.



Í komandi viku eru svo úti og grenndarnámsdagarnir okkar. Elstu nemendurnir fara í Þórsmörk, síðan eru ferðir í Fljótshlíðina og á Flúðir og yngstu nemendurnir fara í ferðir innan Flóahrepps. Fyrsta þema skólaársins er unnið út frá einum grunnþætti menntunar, heilbrigði og velferð. Áhersla verður á svefn, næringu, hreyfingu og góð samskipti auk þess sem nemendur undirbúa nemendastýrð viðtöl sem haldin verða um miðjan október. Við höldum samstarfinu áfram við skólana í uppsveitum Árnessýslu og fyrstu smiðjur vetrarins verða haldnar í lok september. Þá fara nemendur miðstigs á Laugarvatn og elsta stigið fer á Flúðir.

Skólinn er hjarta samfélagsins og það gleður okkur sem störfum í honum afar mikið þegar við fáum tækifæri til að opna skólann fyrir fjölskyldum nemenda og efla samtal og samvinnu. Það var því einstaklega ánægjulegt að hefja skólastarfið með Fjölskyldudeginum.

Bestu kveðjur úr Flóaskóla,
Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri

Vetrarstarf Umf Þjótanda

2026—2027



Æfingar fyrir 2.–4. bekk

Æfingar fyrir nemendur í 2.–4. bekk verða á föstudögum innan stundatöflu Flóaskóla. Þær hefjast að loknum hádegismat og standa til kl. 13:45.

Æfingarnar fara fram á íþróttasvæðinu við Flóaskóla í upphafi haustannar en flytjast inn í Þingborg þegar líða tekur á haustið. Auglýst betur síðar.

Skráning fyrir veturinn þarf að berast á netfangið orvar@floaskoli.is.

Fyrsta æfing verður föstudaginn 4. september. Öllum velkomið að prófa að vera með. Þjálfari: Örvar Rafn Hlíðdal.

Æfingar fyrir 5.-6. bekk

Æfingar fyrir 5.–6. bekkur verða á miðvikudögum í vetur í og við Þingborg. Rúta keyrir þá krakka sem ætla að vera með frá Flóaskóla kl 13:40. Æfingunni líkur kl 15:30. Foreldrar sækja í Þingborg. Mikilvægt er að foreldrar sæki börn sín tímanlega. Fyrsta æfing verður 9. september.

Þjálfarar eru þau Guðmunda Bríet Steindórsdóttir og Hanna Dóra Höskuldsdóttir.

Skráning þarf að berast fyrir fyrstu æfingu á netfangið gbriets@gmail.com svo hægt sé að skipuleggja akstur.

Æfingar fyrir 7.-10. bekk

Æfingar fyrir **7.-10. bekk** verða á miðvikudögum frá 15:30-17:00 í og við Þingborg. Þjálfari Guðmunda Bríet Steindórsdóttir. Foreldrar keyra og sækja.

Fyrsta æfing 9. september. Ekki er nauðsynlegt að skrá sig á þessar æfingar.

Á Þjótandaæfingum verða stundaðar fjölbreyttar og skemmtilegar æfingar í bland við leiki og frjálsar íþróttir. Allar íþróttæfingar Umf. Þjótanda eru gjaldfrjálsar, en foreldrar eru hvattir til að greiða árgjald félagsins þegar það verður innheimt.

Í vetur verða haldnir Héraðsleikar HSK og Aldursflokkamót HSK. Umf Þjótandi stefnir á að mæta á þessi mót með öflugan keppendahóp að vanda.

Við hvetjum unga sem aldna til að taka þátt í starfi Umf Þjótanda og eru nýir félagsmenn alltaf velkomnir. Frekari upplýsingar um starf félagsins veitir Guðmund Bríet Steindórsdóttir, formaður á netfangið gbriets@gmail.com



**AÐVENTUHAÐÍÐ
FLOAHREPPS
3.DESEMBER
2026**

Kæru sveitungar
Menningarnefnd í samstarfi við
Berglindi Björk Guðnadóttur
stendur fyrir fjölskyldu-
skemmtun og
aðventutónleikum.
Takið kvöldið frá.
Nánar auglýst síðar.



.... Uppskeruhátíð



Leikskólinn Krakkaborg heldur uppskeruhátíð
á **degi íslenskrar náttúru**
þann **16. september**.

Við ætlum að fagna deginum með **opnu húsi**
milli **15:00** og **16:00**.
Boðið verður upp á smakk af uppskerunni okkar
og notalega stund saman.

Hlökkum til að sjá sem flesta!



Helgihald í Árborgarprestakalli - Flóahreppi haust 2026

20. september 17. sunnudagur eftir þrenningarhátíð

Gaulverjabæjarkirkja. Messa kl. 14.00.

Prestur: Axel Árnason Njarðvík

11. október 18. sunnudagur eftir þrenningarhátíð

Hraungerðiskirkja. Þjóðbúningamessa kl. 14:00.

Prestur: Gunnar Jóhannesson

22. nóvember síðasti sunnudagur kirkjuársins

Gaulverjabæjarkirkja. Messa kl. 14:00

Prestur: Guðbjörg Arnardóttir

9. nóvember 1. sunnudagur í aðventu.

Hraungerðiskirkja. Aðventukvöld kl. 20:00

Prestur: Arnaldur Bárðarson

25. desember Jóladagur

Hraungerðiskirkja Hátíðarguðspjónusta kl. 11:00

Prestur: Arnaldur Bárðarson

Gaulverjabæjarkirkja

Hátíðarguðspjónusta kl. 14:00

Prestur: Arnaldur Bárðarson

26. desember Annar dagur jóla

Villingaholtskirkja

Hátíðarguðspjónusta kl. 11:00

Prestur: Gunnar Jóhannesson

Laugardælakirkja

Hátíðarguðspjónusta kl. 13:00

Prestur: Gunnar Jóhannesson

Nýr organisti starfar við Hraungerðis-, Gaulverjabæjar- og Villingaholtskirkju. Hann heitir Hrafnkell Karlsson og er boðinn velkominn til starfa

Úrslit móta

Héraðsmót HSK

11.-12. ágúst á Selfossvelli

Helgi Reynisson

Stangarstökk	3,60m	1.sæti
--------------	-------	--------

Kristján Reynisson

Langstökk	4,09m	8.sæti
-----------	-------	--------

Þrístökk	9,35m	4.sæti
----------	-------	--------

Meistaramót Íslands 11-14 ára

15.-16. ágúst á Skallagrímssvelli í Borgarnesi

Kristján Reynisson

80m hlaup	12,31sek	12.sæti
-----------	----------	---------

Kringlukast	27,04m	3.sæti PB
-------------	--------	-----------

Hástökk	1,36m	11.sæti PB
---------	-------	------------

Spjótkast	22,77m	8.sæti
-----------	--------	--------

Langstökk	4,37m	4.sæti
-----------	-------	--------

Kúluvarp	7,88m	5.sæti
----------	-------	--------

Þrístökk	9,58m	5.sæti PB
----------	-------	-----------

4x100m boðhlaup	58,70sek	1.sæti
-----------------	----------	--------

Guðbjörg Erla Annýjardóttir

300m hlaup	60,72sek	6.sæti
------------	----------	--------

80m hlaup	14,56sek	18.sæti
-----------	----------	---------

Langstökk	3,40m	14.sæti PB
-----------	-------	------------

Kúluvarp 3kg	4,97m	12.sæti PB
--------------	-------	------------

4x100m boðhlaup	61,26sek	4.sæti
-----------------	----------	--------

Ottó Ingi Annýjarson

80m hlaup	13,05sek	14.sæti
-----------	----------	---------

Spjótkast	23,88m	7.sæti PB
-----------	--------	-----------

Hástökk	1,31m	12.sæti PB
---------	-------	------------

Þrístökk	8,35m	8.sæti PB
----------	-------	-----------

ÞJÓTANDA FATNAÐUR



Nú er loksins hægt að kaupa Þjótandafatnað á netinu beint frá Jako Sport. Þjótandi hefur aukid úrvalið af íþróttafatnaði merktum félaginu.

Sjá meira inná, <https://jakosport.is/thjotandi>



FULLORÐINS ÞJÓTANDAÆFING

Fullorðins Þjótandaæfingar hefjast á ný í Þingborg miðvikudaginn 30.september klukkan 20:00. Allir 18 ára og eldri eru velkomnir. Hanna Dóra og Guðmunda verða með yfirumsjón.

Kl: 20:00

Æfingar vetrarins:

- 30. september
- 14. október
- 28. október
- 11. nóvember
- 25. nóvember

Ef þið hafið einhverjar nánari vangaveltur þá megið þið senda póst á hannadorahoskuld@gmail.com



Flóamót Umf Þjótanda

Flóamótið var haldið í blíðskaparveðri á
Fjölskyldudegi Flóaskóla, 28. ágúst sl.

1. - 2. bekkur og yngri

Langstökk

1.	Eysteinn Óli Rúnarsson	2,59 m
2.	Birnir Þór Hlíðdal	2,37
3.	Salka Sigrún Ólafsdóttir	1,99
4.	Einar Bragi Ágústsson	1,94
5.	Mikale Noe Guðnason	1,80
6.	Stella Robyn Aitken Sævarsdóttir	1,75
7.	Brimir Þeyr Víkingsson	1,70
8.	Heiðbrá Erla Helgadóttir	1,67
9.	Guðmundur Bjarki Axelsson	1,64
10.	Urður Inga Ólafsdóttir	1,57
11.	Sara Rós Sanchez Jassonsdóttir	1,45

60. m hlaup

1.	Eysteinn Óli Rúnarsson	11,74 sek
2.	Einar Bragi Ágústsson	12,3
3.	Birnir Þór Hlíðdal	12,6
4.	Smári Kristinn Jónsson	13,4
5.	Brimir Þeyr Víkingsson	13,7
6.	Guðmundur Bjarki Axelsson	14,5
7.	Salka Sigrún Ólafsdóttir	15,1
8.	Mikael Noe Guðnason	15,4
9.	Heiðbrá Erla Helgadóttir	15,4
10.	Sara Rós Sanchez Jassonsdóttir	15,5

Kúluvarp

1.	Eysteinn Óli Rúnarsson	4,60 m
----	------------------------	--------

2.	Birnir Þór Hlíðdal	4,10
3.	Brimir Þeyr Víkingsson	2,60
4.	Heiðar Waltersson	2,20
5.	Heiðbrá Erla Helgadóttir	2,15
6.	Guðmundur Bjarki Axelsson	2,10
7.	Stella Robyn Aitken Sævarsdóttir	2,05
8.	Salka Sigrún Ólafsdóttir	1,95
9.	Einar Bragi Ágústsson	1,90
10.	Mikael Noe Guðnason	1,75
11.	Sara Rós Sanchez Jassonsdóttir	1,60
12.	Urður Inga Ólafsdóttir	1,55

400 m hlaup

1.	Eysteinn Óli Rúnarsson	1,40 mín
2.	Birnir Þór Hlíðdal	1,41
3.	Smári Kristinn Jónsson	2,00
4.	Brimir Þeyr Víkingsson	2,09
5.	Heiðbrá Erla Helgadóttir	2,12
6.	Mikael Noe Guðnason	2,14
7.	Salka Sigrún Ólafsdóttir	2,24
8.	Sara Rós Sanchez Jassonsdóttir	2,26

3. - 4. bekkur

Langstökk

1.	Emmanúel Sveinn Víkingsson	3,24 m
2.	Ernir Kristberg N. Jakobsson	4,10
3.	Guttomur Ólafarson	2,95
4.	Einar Waltersson	2,90
5.	Björgey Milla Guðjónsdóttir	2,85
6.	Pétur Hjálmsón	2,75
7.	Grímur Jarl Jónsson	2,70
8.	Albert Jóhannesson Kovarik	2,65
9.	Snæbjörn Örn Aitken Sævarsson	2,55 m

10.	Yrsa Líf Agnarsdóttir	2,20
11.	Arnheiður Bella Gautadóttir	2,15
12.	Stefán Eðvald Guðmundsson	2,10
13.	Ásgerður Bjarnadóttir	2,00

60. m hlaup

1.-2.	Ernir Kristberg N. Jakobsson	10,9 sek
1.-2.	Grímur Jarl Jónsson	10,9
3.	Yrsa Líf Agnarsdóttir	11,3
4.	Albert Jóhannesson Kovarik	11,4
5.	Einar Waltersson	11,5
6.	Snæbjörn Örn Aitken Sævarsson	11,6
7.	Björgey Milla Guðjónsdóttir	11,7
8.	Guttormur Ólafarson	11,8
9.	Emmanúel Sveinn Víkingsson	12,1
10.	Pétur Hjálmsón	12,2
11.	Arnheiður Bella Gautadóttir	12,7
12.	Ásgerður Bjarnadóttir	14,7

Kúluvarp

1.	Emmanúel Sveinn Víkingsson	5,10 m
2.	Einar Waltersson	4,95
3.	Ernir Kristberg N Jakobsson	4,90
4.	Pétur Hjálmsón	4,80
5.	Guttormur Ólafarson	4,60
6.	Grímur Jarl Jónsson	4,50
7.	Björgey Milla Guðjónsdóttir	4,40
8.	Albert Jóhannesson Kovarik	3,70
9.	Stefán Eðvald Guðmundsson	3,60
10.	Yrsa Líf Agnarsdóttir	3,50
11.	Ásgerður Bjarnadóttir	2,20
12.	Arnheiður Bella Gautadóttir	2,00

400 m hlaup

1.	Snæbjörn Örn Aitken Sævarsson	1,29 mín
2.	Guttormur Ólafarson	1,30
3.	Yrsa Líf Agnarsdóttir	1,32
4.	Grímur Jarl Jónsson	1,39
5.	Einar Waltersson	1,42
6.	Emmanúel Sveinn Víkingsson	1,48
7.	Pétur Hjálmsen	1,51
8.	Björgey Milla Guðjónsdóttir	1,52
9.	Inga Lilja Haraldsdóttir	2,01
10.	Eyrún Ágústsdóttir	2,05
11.	Arnheiður Bella Gautadóttir	2,07
12.	Ásgerður Bjarnadóttir	2,24

5. - 7. bekkur

Langstökk

1.-2.	Héðinn Fannar Höskuldsson	3,70
1.-2.	Ingibjörg Lára Rúnarsdóttir	3,70
3.-4.	Kristján Þórarinn Andrasen	3,60
3.-4.	Arnar Alex Reynisson	3,60
5.	Lilja Reynisdóttir	3,40
6.	Marikó Árný Ketel	3,25
7.-9.	Þorkell Ólafur Þórbergsson	3,15
7.-9.	Nikulás Tumi Ragnarsson	3,15
7.-9.	Valgerður Björk Hlíðdal	3,15
10.	Ísold Marselía Bergþórsdóttir	3,10
11.	Guðný Adele Guðnadóttir	2,90
12.	Sölvi Þór Magnússon	2,87
13.	Sigurður Helgi Guðjónsson	2,85
14.	Írena Sif F. Hreggviðsdóttir	2,75
15.	Kolbeinn Sturluson Schacht	2,70
16.	Ragnhildur Sara Andradóttir	2,68

17.	Einar Hörður Haraldsson	2,65 m
18.	Steinn Þorri Victorsson	2,60
19.	Emilía Agnes Jóhannsdóttir	2,50
20.	Greta Sóley Ingvarsdóttir	2,45
21.	Elín Dóra Þorsteinsdóttir	2,40
22.	Dalía Lórey Ketel	2,15

60 m hlaup

1.	Ingibjörg Lára Rúnarsdóttir	9,3 sek
2.	Lilja Reynisdóttir	9,8
3.-4.	Valgerður Björk Hlíðdal	10,1
3.-4.	Páll Axel Axelsson	10,1
5.-6.	Arnar Alex Reynisson	10,2
5.-6.	Héðinn Fannar Höskuldsson	10,2
7.	Guðný Adele Guðnadóttir	10,4
8.	Kristján Þórarinn Andrason	10,7
9.	Sóley Lindsay Aitken Sævarsdóttir	10,8
10.	Emilía Agnes Jóhannsdóttir	10,9
11.	Ísold Marselía Bergþórsdóttir	11,0
12.	Þorkell Ólafur Þórbergsson	11,5
13.	Sigurður Helgi Guðjónsson	11,6
14.	Einar Hörður Haraldsson	11,7
15.	Greta Sóley Ingvarsdóttir	11,8
16.	Sölvi Þór Magnússon	12,2
17.	Rakel Ýr Sigmarsdóttir	13,1
18.	Dalía Lórey Ketel	13,7

Kúluvarp

1.	Páll Axel Axelsson	11,17 m
2.	Nikulás Tumi Ragnarsson	10,50
3.	Héðinn Fannar Höskuldsson	9:40
4.	Kristján Reynisson	8,74
5.	Arnar Alex Reynisson	8,35 m

6.	Sigurður Helgi Guðjónsson	8,28
7.	Kolbeinn Sturluson Schacht	7,65
8.	Ernir Rafn Eggertsson	7,22
9.	Valgerður Björk Hlíðdal	7,05
10.	Lilja Reynisdóttir	6,63
11.	Marikó Árný Ketel	6,62
12.	Írena Sif F. Hreggviðsdóttir	6,38
13.	Elín Dóra Þorsteinsdóttir	6,00
14.	Ragnhildur Sara Andradóttir	5,98
15.	Guðný Adele Guðnadóttir	5,97
16.	Ísold Marselía Bergþórsdóttir	5,95
17.	Ingibjörg Lára Rúnarsdóttir	5,88

400 m hlaup

1.	Ingibjörg Lára Rúnarsdóttir	1,20 mín
2.	Guðný Adele Guðnadóttir	1,29
3.	Lilja Reynisdóttir	1,30
4.	Héðinn Fannar Höskuldsson	1,32
5.	Sóley Lindsay Aitken Sævarsdóttir	1,34
6.	Kristján Þórarinn Andrasen	1,35
7.	Páll Axel Axelsson	1,40
8.	Arnar Alex Reynisson	1,42
9.	Þorkell Ólafur Þórbergsson	1,43
10.	Sigurður Helgi Guðjónsson	1,48
11.	Emilía Agnes Jóhannsdóttir	1,49
12.	Einar Hörður Haraldsson	2,04
13.	Nikulás Tumi Ragnarsson	2,13
14.	Kolbeinn Sturluson Schacht	2,15

8. - 10. bekkur

Langstökk

1.	Kristján Reynisson	4,40 m
2.	Hróar Indriði Dagbjartsson	3,00 m

60 m hlaup

1.	Jón Bragason	8,3 sek
2.	Axel Örn Aitken Sævarsson	9,1
3.	Gísli Svavar Sigurðsson	9,2
4.	Hlynur Daviðsson	9,3
5.	Þorbjörn Sturluson Schacht	9,4
6.	Kristján Reynisson	9,6
7.	Hróar Indriði Dagbjartsson	10,0
8.	Ottó Ingi Annýjarson	10,6
9.	Lilja María Axelsdóttir	10,9
10.	Ingunn Lilja Gautadóttir	11,3

Kúluvarp

1.	Gísli Svavar Sigurðsson	9,99 m
2.	Ísak Nökkvi Bergþórsson	9,98
3.	Baldur Ragnar Ragnarsson	9,28
4.	Þorbjörn Sturluson Schacht	9,22
5.	Egill Ingi N. Jakobsson	8,36
6.	Kristján Reynisson	7,80
7.	Kristín María Sigurðardóttir	6,16
8.	Lilja María Axelsdóttir	5,42

800 m hlaup

1.	Axel Örn Aitken Sævarsson	2,40 mín
2.	Þorbjörn Sturluson Schacht	2,27
3.	Kristján Reynisson	3,08
4.	Hróar Indriði Dagbjartsson	3,28
5.	Gísli Svavar Sigurðsson	3,44
6.	Alexander Máni Axelsson	4,10

Kúluvarp fullorðinna

Umf þjótandi heldur áfram að hvetja fullorðna til íþróttaiðkunna og hélt að þessu sinni keppni í kúluvarpi. Þátttaka var ljómandi góð og keppnin jöfn og spennandi.

Konur

1.	Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir	7,82 m
2.	Oddný Ása Ingjaldsdóttir	7,60
3.	Þórunn Sturludóttir Schacht	6,96
4.	Hulda Kristjánsdóttir	6,91
5.	Jóhanna M. Eðvaldsdóttir	6,72
6.	Freyja Kristín Guðjónsdóttir	6,69
7.	Fanney Ólafsdóttir	6,67
8.	Harpa Magnúsdóttir	6,64
9.	Guðmunda Bríet Steindórsdóttir	6,47
10.	Krístúrún Jónsdóttir	6,11
11.	Hafdís Gígja Björnsdóttir	6,10
12.	Lucie Kovarikova	6,08
13.	Mareike Schacht	6,03
14.	Kolbrún Arnarsdóttir	5,90
15.	Kolbrún María Ingadóttir	5,56
16.	Birna Tryggvadóttir	5,08
17.	Eva Björg Sigurðardóttir	4,99

Karlar

1.	Stefán Geirsson	9,52 m
2.	Örvar Rafn Hlíðdal	9,34
3.	Hjálmur Hjálmsson	8,76
4.	Jón Pálmar Ragnarsson	8,61
5.	Magnús Baldursson	8,35
6.	Reynir Þór Jónsson	8,13
7.	Höskuldur Jensson	8,09
8.	Ólafur Gíslason	6,16

Myndir frá Fjölskyldudegi Flóaskóla og Flóamóti





UNG MENNA HÚS

HAUST 2026

ALLIR VELKOMNIR FÆDDIR 2000-2010

SEPTEMBER
24.

ÞJÓRSÁRVER/PINGBORG

KLUKKAN 19:30

OKTÓBER
15.

KLUKKAN 19:30

ÞJÓRSÁRVER/PINGBORG

NOVEMBER
12.

KLUKKAN 19:30

ÞJÓRSÁRVER/PINGBORG

DESEMBER
10.

KLUKKAN 19:30

ÞJÓRSÁRVER/PINGBORG



FACEBOOKSÍÐA: LEIKJAKVÖLD ÞJÓTANDA
FREKARI UPPLÝSINGAR VERÐA SETTAR ÞAR INN

Opið hús 60 +

Fyrsti kaffihittingur vetrarins verður í Þjórsárveri miðvikudaginn 16.september.

Húsið opnað kl:15:30 - 18:00.

Við stefnum á hitting á þriggja vikna fresti í vetur.

Nánari dagsetningar auglýstar síðar.

Verið hjartanlega velkomin.

Kærar kveðjur, nefndin.

Dagskrá mánaðarins:

Þjótandaæfing 1. - 4. bekkur	4. sept
Þjótandaæfing 5. - 10. bekkur	9. sept
Gellukór Flóahrepps - fyrsta æfing	10. sept
Þjótandaæfing 1. - 4. bekkur	11. sept
Uppskeruhátíð Krakkaborgar	16. sept
Þjótandaæfing 5. - 10. bekkur	16. sept
60 + kaffihittingur í Þjórsárveri	16. sept
Þjótandaæfing 1. - 4. bekkur	18. sept
Messa í Gaulverjabæjarkirkju	20. sept
Ungmennahús	21. sept
Þjótandaæfing 5. - 10. bekkur	23. sept
Þjótandaæfing 1. - 4. bekkur	25. sept
Íþróttaskóli Umf Þjótanda	27. sept
Kvenfélag Vill. Gaman - Saman	30. sept
Þjótandaæfing 5. - 10. bekkur	30. sept
Fullorðinsæfing Umf Þjótanda	30. sept